

Priðjudaginn 13. nóvember 1973.

Nr. 149/1973: **Protabú Friðriks Jörgensens**

gegn

Guðjóni Steingrímssyni

og gagnsök.

Dó m e n d u r:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason.

Kærumál. Þóknun fyrir lögmannsstörf.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn kærða úrskurð hafa kveðið upp stjórnarmenn Lögmannafélags Íslands, hæstaréttarlögmennirnir Páll S. Pálsson, Hákon Arnason, Hjörtur Torfason, Ólafur Ragnarsson og svo Skúli Pálsson héraðsdómslögmaður.

Aðalkærandi hefur samkvæmt heimild í 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. júlí 1973, sem Hæstarétti barst 17. október 1973. Krefst hann þess, að þóknun gagnkærandar fyrir lögmannsstörf þau, er í málinu greinir, verði ákveðin kr. 721.120.00. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands úr hendi gagnkærandar og svo kærumálskostnaðar.

Gagnkærandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með gagnkæru 10. júlí 1973. Krefst hann þess aðallega, að þóknun hans fyrir lögmannsstörf þau, er í málinu greinir, verði ákveðin kr. 1.336.961.00 auk 7% ársvaxta af kr. 577.341.00 frá 1. júní 1972 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að þóknun þessi verði ákveðin kr. 1.000.069.00 auk 7% ársvaxta af kr. 309.380.00 frá 1. júní 1972 til greiðsludags, og til þrautavara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Í öllum tilvikum krefst gagnkærandi kærumálskostnaðar úr hendi aðalkærandar.

Málsatvikum er lýst í hinum kærða úrskurði.

Gögn máls benda eigi til þess, að gagnkærandi hafi, er hann fékk samþykki skiptafundar í protabúi Friðriks Jörgensens, til þess að Karl Jónsson og Jón Ingibersson mættu höfða rift-

unarmál vegna þrotabúsins gegn Fiskimjölssverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, samið um það sérstaklega, að gagnkærandi skyldi hljóta endurgjald fyrir málflutningsstörf sín í samræmi við 1. gr., 2. málsg., gjaldskrár Lögmannafélags Íslands, er þá var í gildi. Þegar virt eru störf gagnkæranda, hagsmunir þeir, er um var deilt, svo og fjárhagsáhætta sú, sem gagnkærandi tók á sig með málaferlum þeim, er greinir í úrskurði stjórnar Lögmannafélags Íslands, þykir rétt að ákveða endurgjald til handa gagnkæranda fyrir málflutningsstörf hans kr. 721.120.00, svo sem gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands taldi hæfilegt í álitserð 26. október 1972 og aðalkærandi hefur fallizt á að greiða.

Vaxtakrafa gagnkæranda sætti frávísun í hinum kærða úrskurði, og eru eigi efni til að leggja dóm á hana í Hæstarétti.

Staðfesta ber ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð :

Málflutningslaun gagnkæranda, Guðjóns Steingrímssonar, úr hendi aðalkæranda, þrotabús Friðriks Jörgenssens, ákveðst kr. 721.120.00.

Staðfest eru ákvæði hins kærða úrskurðar um málskostnað. Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 27. júní 1973.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar miðvikudaginn 17. f. m., var lagt fyrir stjórn Lögmannafélags Íslands hinn 27. nóvember 1972 og var flutt munnlega af sóknaraðilja og Jóhanni Ragnarsyni hæstaréttarlögmanni vegna varnaraðilja á stjórnarfundum með fyrrgreindum stjórnarmönnum.

Tildrög málsins eru þau, að sóknaraðili, sem er umboðsmaður tveggja kröfuhafa í þrotabúi því, sem er varnaraðili í málinu, annaðist umfangsmikil málaferli fyrir hönd búsins á árunum 1968—1972. Yfirlit um málaferli þessi er að finna á reikningi þeim, sem sóknaraðili gerði búinu fyrir verk sitt að þeim loknum (mskj. nr. 6), en hann hljóðar þannig:

„NR. 6.

24. maí '72

Reikningur

til þrotabús Friðriks Jörgensen
frá Guðjóni Steingrímssyni hrl., Hafnarfirði
1968—1972

AN: Málflutningslaun og útlagður kostnaður v/reksturs máls til riftunar kaupsamnings dags. 28/12 '66, en með samningi þessum seldi þrotamaður Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f saltfiskbirgðir fyrir kr. 3.998.400.00.

I. 1. Bæjarþingsmálið Karl Jónsson v/þrotabús F. Jörgensen gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f. Þingfest í febr. 1968. Niðurstaða: Málinu vísað frá dómi með dómi, uppkveðnum 9. okt. 1968. Málskostnaður felldur niður.

2. Kærumál fyrir Hæstarétti, þar sem niðurstaðan varð, að dómur bæjarþingsins var staðfestur, en kærumálskostnaður felldur niður. Uppkv. 28. nóv. 1966, sjá Hrd. XXXIX. 1197.

3. Kærumál rekið fyrir Hæstarétti, þar sem varnaraðili kærir til Hæstaréttar þá ákvörðun Unnsteins Beck skiptaráðanda að heimila höfðun nýs riftunarmáls. Dómur Hæstaréttar, að málinu sé vísað frá Hæstarétti. Sóknaraðila Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h.f. gert að greiða kr. 5.000.00 í málskostnað. Dómurinn uppkveðinn 26/9 '69, sbr. Hrd. XL. 1101.

4. Sömu ákvörðun skiptaráðanda áfrýjað. Hæstiréttur vísar málinu frá dómi 27/5 '70, þar sem áfrýjandi hafði ekki aflað sér áfrýjunarleyfis. Áfrýjanda gert að greiða kr. 15.000.00 í málskostnað. Hrd. XLI. 534.

5. Hæstaréttarmálið nr. 124/1970: Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f gegn Karli Jónssyni, Jóni Ingiberssyni og Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík f. h. þrotabús Friðriks Jörgensen, dómur uppkveðinn 27/11 '70. Áfrýjað var ákvörðun skiptadóms frá 5/2 '69 um höfðun riftunarmáls. Ákvörðunin var staðfest. Sóknaraðili dæmdur til að greiða kr. 15.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hrd. XLI. 998.

6. Bæjarþingsmál Reykjavíkur nr. 2729/1969: Karl Jónsson og Jón Ingibersson f. h. Friðriks Jörgensen gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum h/f, þingfest febr. 1969. Dómur 2/7 '71. Niðurstaða: Stefndu gert að greiða kr. 3.-

663.902.54 með 7% ársvöxtum af kr. 2.901.577.44 frá 1/3 '67 til 20/11 s. á., en af kr. 3.663.902.54 frá þeim degi til greiðsludags og kr. 250.000.00 í málskostnað.

7. Hæstaréttarmálið nr. 141/1971: Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h/f gegn Karli Jónssyni og Jóni Ingiberssyni f. h. þrotabús Friðriks Jørgensen og gagnsök. Dómur Hæstaréttar 17/5 '72. Niðurstaða: Héraðsdómurinn staðfestur, áfrýjanda gert að greiða kr. 325.000.00 í héraði og Hæstarétti.

8. Kærumál til Hæstaréttar (bæjarþingsmál nr. 2729/1972), þar sem þrotabúið kærir úrskurð bæjarþingsins frá 5/11 '69, en með úrskurði þessum var varnaraðila veittur frestur. Hæstiréttur staðfesti úrskurðinn og veitti frestinn. Búinu gert að greiða kr. 5.000.00 í kærumálskostnað, Hrd. XL. bls. 1469.

II. Samkvæmt endanlegum hæstaréttardómi í ofangreindum málaferlum á Fiskimjölsverksmiðjan í Vestmannaeyjum h.f. að greiða búinu sem hér segir:

Höfuðstóll	kr. 3.663.902.00
7% ársv. af kr. 2.901.577.00 frá 1/2 '67	
—20/11 '67	— 197.697.00
af kr. 3.663.902.00 frá þeim degi til 1/6 '72	— 1.161.250.00
Málskostnað	— 325.000.00

Alls kr. 5.347.849.00

III. Riftunarmálið flutti ég samkvæmt neðangreindum skilmálum, sbr. skiptafund 20. jan. 1969: „Skiptafundur ákveður að heimila Guðjóni Steingrímssyni, hrl., vegna Karls Jónssonar og Jóns Ingiberssonar að höfða fyrir hönd þrotabúsins riftunarmál gegn Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum til riftunar samningi, dags. 28. des. 1966, og gera í því máli kröfur um greiðslu á andvirði saltfisks auk vaxta og málskostnaðar. Málssóknin verði búinu að kostnaðarlausu að því leyti, að Guðjóni Steingrímssyni, hrl., beri aðeins málflutningslaun reiknuð af þeim verðmætum, sem koma inn í búið með þessari málssókn.

Verði niðurstaða málsins á þann veg, að málskostnaður verði lagður á sóknaraðila, mun Guðjón Steingrímsson taka þann kostnað á sig.“

- IV. Málflutningsþóknun mín með hliðsjón af 1. gr., 2. mgr., gjaldskrár L.M.F.Í., en þar segir: „Einnig er lögmönnum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins, og hærri þóknun, ef málið vinnst, en ef það tapast.“

25% af kr. 5.347.849.00	kr. 1.336.961.00
Réttargjöld	— 4.000.00
Ágrip 230 síður á 150/-	— 34.500.00
Málkostnaður dæmdur í Hæstarétti, sbr.	
1.8., greiddur af mér	— 5.000.00

Kr. 1.380.461.00

Frá dregst málskostnaður greiddur af mér

1. 3., kr. 5.000.00, 1. 4., kr. 15.000.00 og

1. 5., kr. 15.000.00	— 35.000.00
----------------------------	-------------

Alls kr. 1.345.461.00

Hafnarfirði 24. maí 1972

Guðjón Steingrímsson.“

Umrædd málaferli beindust að því, eins og reikningurinn gefur til kynna, að knýja fram riftun á kaupsamningi, er þrotamaður hafði gert nokkru fyrir gjaldþrot sitt við fyrirtæki, sem hann hafði áður átt margvísleg skipti við og var meðal helztu lánardrottna hans. Sóknaraðili átti frumkvæði að því ásamt öðrum lögmanni, er gætti hagsmuna kröfuhafa í þrotabúinu, að ráðizt var í riftunarmál þetta. Tillögur lögmanna í þessa átt fyrir hönd umbjóðenda sinna voru ræddar á skiptafundi í ársbyrjun 1968, og þá strax í öndverðu frá því sjónarmiði, hvort umbjóðendurnir væru reiðubúnir til að reka riftunarmálið búinu að skaðlausu, ef málshöfðunarheimild yrði veitt. Í ljós kom, að umbjóðendur síðarnefnda lögmannsins voru ekki við því búnir að taka sjálfir á sig þá fjárhagslegu áhættu, sem málssókninni væru samfara, en umbjóðendur sóknaraðilja voru það hins vegar. Ekki mun hafa komið til álita, að aðrir einstakir kröfuhafar, er voru margir, gerðust aðiljar að málarekstrinum, og virðast þeir hafa haft misjafnan áhuga eða trú á honum. Það féll því aðallega í hlut sóknaraðilja að sækja á um málshöfðun af hendi búsins, en í því efni var að mæta

mjög eindregnum mótmælum umboðsmanns viðsemjanda þrotamanns, sem einnig var kröfuhafi í búinu.

Málalýktir á umræddum skiptafundi urðu þær, að skiptaráðandi ákvað að veita sóknaraðilja heimild til að höfða mál til riftunar á áðurnefndum kaupsamningi svo og svipuðum samningi þrotamanns frá sama tíma við annan aðilja, enda yrði málshöfðunin búinu að kostnaðarlausu. Sóknaraðili hófst þegar handa um mála-tilbúnað út af báðum samningunum, en málunum lyktaði þannig að svo stöddu, að báðum var vísað frá dómi, aðallega fyrir þá sök, að málshöfðunarheimildin væri ekki fullnægjandi. Taka liðir I. 1 og I. 2 í reikningi sóknaraðilja til þessara málaferla, þ. e. annars málsins. Að fengnum þessum úrslitum var enn efnt til skiptafunda í búinu um þá kröfu sóknaraðilja, að veitt yrði ný málshöfðunarheimild. Var að lokum ákveðið með atkvæðagreiðslu á fundi hinn 20. janúar 1969 og úrskurði skiptaráðanda á grundvelli hennar að veita sóknaraðilja heimild til höfðunar riftunarmáls út af öðrum kaupsamningnum, en vara sú, er seld hafði verið með hinum samningnum, var þá ekki talin þess virði, að mála-rekstri um hana yrði haldið áfram. Þessi heimild var veitt með þeim skilmálum, sem lýst er í III. lið reiknings sóknaraðilja. Fólst í þeim samningur milli hans og umbjóðenda hans í búinu annars vegar og þrotabúsins hins vegar, í aðalatriðum þess efnis, að málshöfðunin yrði búinu að kostnaðarlausu, eins og ráðgert var við veitingu hinnar fyrri heimildar.

Ákvörðun búsins um veitingu hinnar nýju heimildar var tekin gegn mótmælum viðsemjanda þrotamanns, eins og verið hafði hið fyrra sinni. Jafnframt skaut hann nú ákvörðuninni til Hæstaréttar með kæru og síðar með áfrýjun, en án árangurs, sbr. liði I. 3, I. 4, og I. 5 í reikningi sóknaraðilja. Að loknum þessum aukamálum hófst sóknaraðili handa um höfðun sjálfs riftunarmálsins, er leitt var til lykta með dómi Hæstaréttar hinn 17. maí 1972, sbr. liði I. 6, I. 7 og I. 8 í reikningi sóknaraðilja. Má segja, að málið hafi að fullu unnizt fyrir búið, þar sem stefnukröfur sóknaraðilja fyrir þess hönd voru teknar til greina með þeirri breytingu einni, að greiðslan til búsins vegna hinnar seldu vöru var miðuð við það verð, sem stefndi reyndizt hafa fengið fyrir hana við endursölu, fremur en hitt, sem tilgreint var í hinum umdeilda kaupsamningi.

Samkvæmt þessum endanlega dómi bar stefnda að greiða þrotabúinu samtals kr. 5.347.849.00 miðað við vexti til þess tíma, er unnt var að skila málinu í hendur búsins, sbr. sundurliðun í II.

lið reiknings sóknaraðilja. Upplýst var við munnlegan málflutning fyrir stjórninni, að þrotabúið hefði nú fengið þessa fjárhæð greidda að fullu.

Reikningur sóknaraðilja vegna ofangreindra málaferla var lagður fram á skiptafundi hinn 14. júlí 1972. Óskaði skiptaráðandi eftir að leggja reikninginn fyrir gjaldskrárnefnd L. M. F. Í. til umsagnar, og samþykkti sóknaraðili það. Gjaldskrárnefnd lét uppi umbeðið álit sitt hinn 26. október 1972, er var svohljóðandi:

„Þóknun Guðjóns Steingrímssonar, hrl., úr hendi þrotabús Friðriks Jörgensen þykir hæfilega ákveðin kr. 721.120.00 auk útlagðs kostnaðar.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Gunnar Sæmundsson

Þorsteinn Júlíusson

Sveinn Haukur Valdimarsson.“

Ljóst er, að álit þetta er í aðalatriðum miðað við hin beinu ákvæði þeirrar greinar lágmarksgjaldskrár L. M. F. Í., er fjallar um málflutning, fremur en ákvæði 2. málsg. 1. gr. gjaldskrárinnar, sem vísað er til í IV. lið á reikningi sóknaraðilja.

Álit gjaldskrárnefndar var lagt fram á skiptafundi hinn 31. október 1972. Kvaðst sóknaraðili þar halda fast við kröfu sína samkvæmt reikningnum, en skiptaráðandi taldi ekki fært að samþykkja frekari þóknun en álititið gerði ráð fyrir. Urðu aðiljar að svo komnu sammála um að leggja ágreininginn fyrir stjórn L. M. F. Í til úrskurðar eftir ákvæðum 1. málsg. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur.

Kröfur sóknaraðilja í máli þessu eru þær, að þóknun hans úr hendi varnaraðilja verði ákveðin kr. 1.336.961.00 auk útlagðs kostnaðar að frádregnum málskostnaði, sem honum hefur verið greiddur, þ. e. samtals kr. 1.345.461.00, eins og í reikningi hans greinir. Þá krefst hann og vaxta af þessari fjárhæð frá 1. júní 1972 að telja og málskostnaðar eftir mati stjórnarinnar.

Krafa varnaraðilja er sú, að hann verði sýknaður af kröfum sóknaraðilja og þannig hafnað frekari þóknun til sóknaraðilja en þeirri, sem varnaraðili hefur þegar greitt honum, þ. e. kr. 721.120.00. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati stjórnarinnar.

Til stuðnings kröfu sinni um greiðslu samkvæmt reikningnum á mskj. 6 bendir sóknaraðili á þá áhættusömu skilmála, sem honum voru settir með ákvörðun skiptafundar, þ. e. að málflutningur sá,

er honum var falinn, skyldi verða þrotabúinu að kostnaðarlausu, og yrði málskostnaður felldur á búið, skyldi sóknaraðili sjálfur eða umbjóðendur hans taka hann á sig ásamt útlögðum kostnaði og annarri fyrirhöfn. Hann bendir og á það, að málaferlin hafi reynzt mjög tímafrek og umfangsmikil, bæði aðalmál og aukamál, og á allan hátt ábyrgðarmikil fyrir hann sem lögmann stefnanda. Sömuleiðis hafi þau fjallað um mikil en óviss verðmæti, enda hafi það kostað mikla fyrirhöfn að fá búið til að samþykkja málshöfðunina. Af öllum þessum ástæðum komi það ekki til greina að binda þóknun hans við svonefnda lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í., sem gjaldskrárnefnd hafi miðað við. Í því sambandi leggur hann sérstaka áherzlu á, að með málssókninni hafi unnizt veruleg verðmæti fyrir búið, sem það hefði annars misst af. Sé reikningur sinn ekki hærri en svo, þegar á allt er litið, en að vextir búsins af kröfu þess nægi sem næst til að standa undir honum.

Yfirleitt telur sóknaraðili, að reikningsfjárhæðin verði að teljast hæfileg þóknun í merkingu 1. málsgr. 1. gr. gjaldskrár L. M. F. Í., en hér séu það einnig ákvæði 2. málsgr., sem sérstaklega eigi við. Þau heimili lögmanni að áskilja sér hluta af fjárhæð máls og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast. Eigi þessi ákvæði sér fullkomna stoð í 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 61/ 1942, þar sem sama orðalag sé að finna. Telur sóknaraðili það hafa falizt í skilmálum þeim, sem búið setti honum, að honum væri rétt að fara þessa leið. Samkvæmt þessu hefur hann reiknað þóknun sína fyrir flutning málsins í heild sem 25% af þeim verðmætum, er komu inn í búið með málssókninni.

Varnaraðili viðurkennir, að gjaldskrá L. M. F. Í. sé lágmarks-gjaldskrá, og dregur ekki í efa, að lögmonnum geti verið „heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð málsins og hærri þóknun, ef mál vinnst, en ef það tapast“. Hins vegar þurfi lögmaður þá að hafa áskilið sér þessa hærri þóknun í upphafi og geti ekki krafizt hennar eftir á, þegar verki sé lokið, a. m. k. ekki nema sérstaklega standi á. Slíkan áskilnað hafi sóknaraðili ekki gert.

Þá telur varnaraðili, að almennt beri að líta svo á um störf lögmannna, að þau séu undir því skilyrði 1. gr. gjaldskrár L. M. F. Í., að þeim sé rétt að áskilja sér „hæfilega þóknun fyrir störf sín með hliðsjón af því verki, sem í té er látið, og þeim hagsmunum, sem um er fjallað“, sbr. hliðstætt orðalag í 2. málsgr. 2. gr. laga nr. 61/1942. Telur varnaraðili, að þóknun beri að ákveða með til-liti til þessara tveggja þátta, og þá þannig, að ef gjalddtaka, sem miðuð er við annan þáttinn, reynist of lág að mati lögmannsins,

sé honum heimilt að hafa hliðsjón af hinum þættinum. Ákvæði gjaldskrár L. M. F. Í. um málflutning séu aðallega leiðbeinandi um gjaldtöku miðað við hagsmuni og sé þóknun á þeim grundvelli hærri en sú, sem metin væri eftir verkinu, þurfi ekki að taka sérstakt tillit til hins síðarnefnda. Í þessu máli sé eðlilegast að miða þóknun við fjárhæð hagsmunanna, eins og gjaldskrárnefnd muni hafa gert. Sú þóknun sé ótvírætt nægileg, enda mun hærri en vera mundi, ef miðað væri við umfang starfs sóknaraðilja.

Auk þessa bendir varnaraðili sérstaklega á, að málshöfðunarheimild sú, er samþykkt var á skiptafundi, hafi beinlínis kveðið svo á, að málið yrði búinu kostnaðarlaust að því leyti, að sóknaraðilja bæru aðeins málflutningslaun reiknuð af þeim verðmætum, sem kæmu inn í búid með málssókninni. Í þessu geti ekki annað falizt en það, að reikna beri þóknunina eftir málflutningstaxta gjaldskrár L. M. F. Í. á grundvelli þess, sem vannst. Ef einhverja aðra reikningsaðferð ætti að nota, hefði sóknaraðili átt að áskilja sér það fyrirfram.

Loks mótmælir varnaraðili þeirri staðhæfingu sóknaraðilja, að skiptaráðandi hafi gert starf hans torveldara en ella. Segir varnaraðili þar á móti, að sóknaraðili hafi sjálfur staðið að gerð þeirra tillagna, sem byggt var á um veitingu málshöfðunarheimilda hans, og sjálfur annast um málatilbúnað á grundvelli heimildanna og þá átt kost á að láta bæta úr því, sem ábótavant kynni að vera.

Ótvírætt er og raunar óumdeilt í máli þessu, að gjaldskrá Lögmannafélags Íslands er lágmarksgjaldskrá og aðeins leiðbeinandi sem slík að því leyti sem þóknun er þar sett fram í tölum og töxtum. Er þetta skýrt tekið fram í 3. gr. gjaldskráanna frá 30. september 1966 og 17. apríl 1971 (útg. 28. janúar 1972), sem í gildi voru á þeim tíma, er hér skiptir máli. Hinar eiginlegu reglur um endurgjald fyrir lögmannsstörf er að finna í 1. gr. gjaldskrárinnar, sem kveður svo á, að lögmanni sé rétt að áskilja sér hæfilega þóknun fyrir störf sín með hliðsjón af því verki og þeim hagsmunum, sem um er að tefla hverju sinni, en einnig sé honum heimilt að áskilja sér hluta af fjárhæð máls og hærri þóknun, ef það vinnst en ef það tapast. Allt er þetta byggt á ákvæðum 2. málsg. 2. gr. laga nr. 61/1942, eins og áður er til vitnað, og jafnframt háð þeirri meginreglu 3. málsg. sömu greinar, að loforð um endurgjald fyrir málflutningsstarf sé ekki skuldbindandi, ef endurgjaldið er sýnilega ósanngjarnt.

Þannig verður ekki á það fallizt, að lögmaður sé fyrirfram

bundinn um að takmarka þóknun sína við texta lágmarksgjaldskrár L. M. F. Í., nema atvik gefi það sérstaklega til kynna. Á það verður heldur ekki fallið, að lögmaður þurfi skilorðslaus að gera um það beinan fyrirvara í öndverðu, ef hann hyggst við reikningsuppgjör áskilja sér hluta af fjárhæð máls sem endurgjald eða herra endurgjald en ella, ef mál vinnst.

Í þessu máli voru lögmanninum settir þeir sérstöku kostir, sem lýst er í bókun skiptafundar hinn 20. janúar 1969 og til vitnað hér að framan. Hafna verður þeim skilningi á þessari bókun, að málflutningslaun sóknaraðilja hafi átt að miðast við þann hluta af innunnum verðmætum, sem falla mundi til hans eftir töxtum 5. gr. lágmarksgjaldskrár L. M. F. Í. Má í því sambandi benda á það meðal annars, að taxtar greinarinnar vísa almennt til þess, sem krafa er gerð um í stefnu, en ekki hins, sem endanlega vinnst, og einnig það, að með því hefði að ófyrirsynju verið sneitt hjá ákvæðum gjaldskrárinnar um mót við vitnaleiðslur, flutning kærumála o. s. frv. Þvert á móti virðist mega skilja bókunina á þann veg eftir orðanna hljóðan, að hún hafi gefið sóknaraðilja beint tilefni til að miða við, að hann mætti áskilja sér hæfilegan hluta af fjárhæð málsins sem endurgjald fyrir verk sitt, þótt upphæðin væri ekki tiltekin, þ. e. hluta „af þeim verðmætum, sem inn í búið kæmu“ með dómi, og þá eftir atvikum án aðgreiningar milli höfuðstóls, vaxta eða kostnaðar. Þessi skilningur er og í góðu samræmi við sanngirnissástæður í málinu og þá áhættu, sem lögð var á sóknaraðilja, gagnstætt hinum fyrri. Þykir mega fallast á það með sóknaraðilja, að leggja beri hann til grundvallar.

Í málaferlum þeim, sem hér um ræðir, var fjallað um verulega hagsmuni fjölmenns hóps kröfuhafa í þrotabúi, og virðast þau hafa orðið til þess, að umtalsverð greiðsla geti komið upp í almennar kröfur, sem áður voru taldar tapaðar. Aðalkrafa málsins þótti í upphafi óviss, og málið reyndist allerfitt sóknar, meðal annars í mótun kröfugerðar. Það varð tímafrekt og tiltölulega umstangsmikið í meðförum, enda var vörnum haldið uppi til hins ýtrasta, eins og við mátti búast. En einnig er á það að líta, að málshöfðunin var algerlega án áhættu fyrir búið, þar sem samningur aðiljanna lagði hana alla á sóknaraðilja og umbjóðendur hans.

Með hliðsjón af þessum atvikum þykir ljóst, að sóknaraðilja sé rétt að áskilja sér hærri fjárhæð fyrir störf sín í þágu varnaraðilja en þá, sem varnaraðili hefur þegar greitt honum. Gildir þetta án tillits til þess, sem sagt var að framan um ákvæði 2. málsg. 1.

gr. gjaldskrár L. M. F. Í., en ljóst þykir einnig, að krafa sóknaraðilja um beitingu þeirrra sé réttmæt. Rennir hvort tveggja stoðum undir þá álykun, að reikningur hans sé innan marka þess, sem sanngjarnt er og eðlilegt.

Við reikninginn er þó það að athuga, að í honum eru tilfærð án greinarmunar þau mál, sem sóknaraðili flutti á grundvelli hinnar fyrri málshöfðunarheimildar búsins, er dómstólar mátu ófullnægjandi (liður I. 1 og I. 2). Þykir sóknaraðili ekki eiga rétt á beinni þóknun frá búinu vegna þess málflutnings, þar sem fyrirvari í þá átt var ekki gerður við veitingu síðari heimildarinnar. Hins vegar talar hann sínu máli um þá áhættu, sem heimildirnar lögðu á sóknaraðilja, og má taka tillit til hans frá því sjónarmiði við mat á þóknun sóknaraðilja fyrir síðari málaferlin.

Við mat á reikningi sóknaraðilja má einnig líta á það til samamburðar, að í lágmarksgjaldskrá L. M. F. Í. er almennt fylgt því sjónarmiði, að hundraðshluti málflutningslauna skuli fara lækkaði eftir því sem fjárhæð málsins hækkar. Með tilliti til þeirrar fjárhæðar, sem um var fjallað í máli þessu, þykir rétt að virða þetta sjónarmið til nokkurrar lækkunar á þóknun sóknaraðilja, þótt hundraðshluti sá (25%), sem hann hefur miðað við, geti annars ekki talizt ósanngjarn.

Með vísan til framanritaðs telst þóknun sóknaraðilja fyrir málflutningsstörf í þágu varnaraðilja, sem lýst er í liðnum I. 3—I. 8 á reikningi sóknaraðilja frá 24. maí 1972 og unnin voru á grundvelli heimildar varnaraðilja frá 20. janúar 1969, hæfilega ákveðin kr. 1.069.000.00. Ber honum sú þóknun að viðbættum útlögðum kostnaði, en að frádregnum málskostnaði, sem sóknaraðili hefur fengið greiddan frá gagnaðilja við málaferlin. Óumdeilt er, að þessir síðasttöldu kostnaðarþættir séu rétt tilgreindir í IV. lið reiknings sóknaraðilja, en þar kemur fram mismunur sóknaraðilja í hag, kr. 8.500.00, sem varnaraðilja ber að greiða.

Ekki eru efni til þess, að stjórn L. M. F. Í. leggi á úrskurð um greiðslu vaxta af þóknun sóknaraðilja, og vísast þeirri kröfu frá. Þá þykir og rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Þóknun sóknaraðilja, Guðjóns Steingrímssonar hæstaréttarlögmanns, fyrir málflutningsstörf í þágu varnaraðilja, þrotabús Friðriks Jörgensens, ákveðst kr. 1.069.000.00.

Málskostnaður fellur niður.